



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

15. árgangur 1.tbl.

Janúar 2018

Íbúafundur haldinn 1. febrúar í Árnesi kl. 19:30

Efni fundar eru skipulagsmál í þéttbýlinu í Brautarholti og við Árnes. Auk kynningar á áformum í Reykholti í Þjórsárdal.

Dagskrá

1. Uppbygging í Reykholti í Þjórsárdal. Magnús Orri Schram framkvæmdastjóri Rauðakambs ehf kynnis áform framkvæmda.
2. Skipulagsmál í Brautarholti.
3. Skipulagsmál í hverfinu við Árnes.

Oddur Hermannson landslagsarkitekt mun leiða fundinn. Auk þess mætir Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi til fundarins.

Sveitarstjóri

Íbúafundur um Almannaþingir í Brautarholti 6. febrúar kl 20.00.

- Að undanfögnu hefur verið unnin viðbragðsáætlun almannaþinga um samfélagsleg áföll fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
 - Hún hefur verið samþykkt í sveitarstjórn.
 - Víðir Reynisson hefur haft veg og vanda að gerð viðbragðs-áætlunarinnar í samráði við stjórnendur sveitarfélagsins.
 - Á fundinum verður áætlunin kynnt.
Framsögu hafa:
 - Víðir Reynisson almannaþingarfulltrúi hjá Lögreglunni á Suðurlandi
 - Kjartan Þorkelsson Lögreglustjóri Suðurlands.
 - Sérfræðingur í náttúruhamförum hjá Veðurstofu Íslands.
- Sveitarstjóri.



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - skeidgnup@skeidgnup.is

Starfsmaður í Áhaldahúsi

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Umsjónarmaður gámasvæða Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5.febrúar 2018.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Opnunartími gámasvæða.

Við Árnes opið:

priðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** einnig í Brautarholti og Árnesi.

Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn.

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)


Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókaldi Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



Icelandic Courses in Reykholt January – april 2018

Elementary Icelandic Course – Part 1 – 60 lessons. (15 evenings)

For beginners.

Organiser: Fræðslunetið. The center of adult education in southern Iceland.

Tutor: *Agla Þyri Kristjánsdóttir*

Place: Primary School **Bláskógaskóli in Reykholt**

Time: Mondays and Wednesdays at 18:00 –20:40 pm, beginning from 29th January until 19th March.

Price: Tuition fee with course materials fee is 44.500 ISK. Up to 70% of the tuition fee is refundable by trade unions.

For **course registration** (send; name, adress, email, mobilephone, idnumber and workplace) and for more information please send email at aglak@simnet.is

Elementary Icelandic Course – Part 2 – 60 lessons. (15 evenings)

Organiser: Fræðslunetið. The center of adult education in southern Iceland.

Tutor: *Agla Snorradóttir*

Place: Primary School **Bláskógaskóli in Reykholt**

Time: Mondays and Wednesdays at 18:00 –20:40 pm, beginning from 15th January until 5th March.

Price: Tuition fee with course materials fee is 44.500 ISK. Up to 70% of the tuition fee is refundable by trade unions.

For **course registration** (send; name, adress, email, mobilephone, idnumber and workplace) and for more information please send email at aglasnor@gmail.com

Elementary Icelandic Course – Part 3 – 60 lessons. (15 evenings)

Organiser: Fræðslunetið. The center of adult education in southern Iceland.

Tutor: *Agla Snorradóttir*

Place: Primary School **Bláskógaskóli in Reykholt**

Time: Mondays and Wednesdays at 18:00 –20:40 pm, beginning from 7th March until 30 april.

Price: Tuition fee with course materials fee is 44.500 ISK. Up to 70% of the tuition fee is refundable by trade unions.

For **course registration** (send; name, adress, email, mobilephone, idnumber and workplace) and for more information please send email at aglasnor@gmail.com

Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi - Bankavegi 800 Selfossi.

Tel: 560 2030. www.fraedslunet.is

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770
Opið virka daga kl. 08:00 -16:00

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Lyfjaendurnýjun hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Lyfja – útibú í Laugarási sími 486-8655

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er

María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com www.landflutningar.is

Landflutningar
SAMSKIP



facebook

Baggamunur

Bókhalds- og
skattapjónusta
Smiðjustígur 6, Flúðum
866-9035
s@baggamunur.is



Okkur vantar aðstoð í Félagsmiðstöðinni Zero á Flúðum á fimmtudagskvöldum út skólaárið.

Leitað er eftir einum til tveimur einstaklingum 20 ára eða eldri, reyklusum, jákvæðum og sem hafa áhuga á að umgangast unglinga og vera þeim góð fyrirmynd.

Starfið felst í samveru með unglingum í 8.-10. bekk og aðstoð við að framkvæma fjölbreytta afþreyingu fyrir og í samstarfi við þá, td. spila, spjalla, keppa í ýmsum þrautum, halda námskeið, fara í ferðir ásamt því að virkja unglingana í frágang. Skipulagið er í höndum Maju Vilstrup, forstöðumanns Zero, sem er alltaf á staðnum á vinnutímanum auk foreldris.

Vinnutími: Fimmtudagskvöld kl. 18.30-21.30, stundum aðeins lengur. Ákjósanlegt væri að tveir einstaklingar myndu vera til skiptis annan hvern fimmtudag. Tímakaup 2500 kr.

Endilega hafið samband við Maju á netfangið maja@fludir.is, á Facebook eða í síma 867-9572.

STOPPUSTUÐ Í Árnesi!

Rafhleðslustöð fyrir bifreiðar er við inngang
skólamötuneytis, (austan megin)
við Félagsheimilið Árnes.



Staða framkvæmda við stækkun Búrfellsvirkjunar

Stefnt að gangsetningu í byrjun sumars

Rúmt eitt og hálf ár er nú liðið frá upphafi framkvæmda við stækkun Búrfellsvirkjunar. Framkvæmdir hafa gengið vel og er stefnt að gangsetningu virkjunarinnar í byrjun sumars.

Byggingarverktakinn ÍAV Marti sf. hefur að mestu lokið jarðvinnu og hefur undanfarna mánuði einkum unnið að uppsteypun í stöðvarhúsi. Áfram er unnið að því að grafa og styrkja aðrennslis- og frárennslisskurði, en stefnt er að því að vatnsvegir virkjunarinnar verði tilbúnir á vordögum.

Vél- og rafbúnaður, sem þýska fyrirtækið Andrtiz Hydro framleiðir, fór að berast til landsins með vorinu 2017 og hefur uppsetning búnaðar verið í gangi samhliða uppsteypun stöðvarhúss. Fyrst var sográs vélarinnar komið fyrir, hún stillt af og steyppt inn. Að því loknu var snigill hífður niður, soðinn við sográs og þrýstiprófaður með 29 bara þrýstingi. Þrýstingurinn var svo tekinn niður í 5 bör



og hafður á þangað til búið var að steypa snigilinn inn. Því næst var túrbínuhjól, leiðiskóflur og túrbínuöxull hífð á sinn stað og er nú unnið að því að stilla þessa hluti saman ásamt því að setja upp kælikerfi vélar.

Í desember var rafallinn fluttur á verkstað í nokkrum hlutum. Unnið er að því að setja hann saman upp á hlaðgólfi og er áætlað að setja hann niður í febrúar.

Samhliða vinnu við að setja saman vélina er unnið við uppsetningu strengjastiga ásamt því að koma upp stjórnskápum og öðrum tilheyrandi rafbúnaði. Fallpípa og inntakslokur koma frá þýska fyrirtækinu DSD Noell frá Þýskalandi og sér það einnig um uppsetningu á þeim búnaði á verkstað.

Unnið hefur verið að uppsetningu fallpípu frá því í lok apríl.

Unnið við uppsteypun stöðvarhúss og sográsar (30. mars 2017).

Uppsetning snigils í stöðvarhúsi (12. júní 2017).

Byrjað var á því að setja upp neðri beygju sem var hífð upp með krana sem staðsettur er við inntak. Eftir það var beygja steypd inn. Síðan var lárétta rörið sett inn að snigli. Að þessu loknu var hafist handa við að slaka niður rörhólkunum sem eru 6 m á lengd hver og svipaðir að þvermáli.



Hverju röri var slakað niður, það soðið við næsta rör fyrir neðan og svo steypd inn.

Alls var 14 rorum slakað niður og var efsta rörið steypd inn í nóvember.

Þá hófst sandblástur og málun á fallpípu, en þeirri vinnu lauk rétt fyrir jól.

Einnig er unnið að því að steypa ramma inn fyrir ristar og lokur og er áætlað að þeim verði komið fyrir í janúar og febrúar.

Túrbínuhjól hífð á sinn stað (30. október 2017).



Vetraraðstæður á framkvæmdarsvæði stækkunar Búrfellsvirkjunar (10. janúar 2018).

Sem fyrr segir hafa framkvæmdir nú staðið yfir í rúmlega eitt og hálft ár. Ekki verður annað sagt en að þær hafi gengið vel fyrir sig og hefur samvinna Landsvirkjunar, íbúa á svæðinu, verktaka og annarra sem komið hafa að verkinu verið til fyrirmyndar.

Ásbjörg Kristinsdóttir
Yfirverkefnisstjóri stækkunar Búrfellsvirkjunar



www.Híalín.is
Silkiprentuð munstur sem
hafa beina skírskotun í
íslenska náttúru.
Sérsaumaðir kjólar,
húfur, leggings og
bolir.

Kíktu í heimsókn og
verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689/ vilmarius13@gmail.com



BAÐSTOFUKVÖLD!

☪ VÖRÐUKÓRINN

heldur sitt árlega
Baðstofukvöld í Félags-
heimilinu Árnesi
föstudagskvöldið **2. febrúar**
kl. 20:30.



Kappkostað er að bjóða upp
á skemmtilega og fjölbreytta dagskrá og að sjálfsgöðu býður
þessi matglaði kór upp á veitingar, auk þess sem barinn
verður opinn.

Uppsveitafólk er þekkt fyrir að skemmta sér og öðrum og
verður þetta kvöld engin undantekning á því.

Setið verður til borðs og notaleg stemning, gleði og gaman í
fyrirrúmi.

Miðaverð er 2.500,- krónur.



Þorablót Gnúpverja verður haldið í Árnesi föstudaginn 19. janúar 2018

Húsið verður opnað kl: 20:00 en dagskrá hefst kl: 20:45.

Miðaverð: 7.000,- Miðapantanir: Irma s: 663-0289

Sigurlaug s: 771-9025

Pantanir skulu berast fyrir þriðjudagskvöldið 16. jan. Við viljum biðja fólk að
stilla miðapöntunum í hóf. Afhending miða fer fram í Árnesi fimmtudaginn
18. jan milli kl. 18:00 og 20:00. Hægt er að greiða fyrir miðana með því að
leggja inn á **Kt:280678-2019** Reikningsnúmer: **0152-05-10038.**

Munið að senda kvittun á netfangið: jorundurtadeo@gmail.com

Þetta er pokaball og af þeim sökum verður ekki opinn bar, fólk verður því að
koma með sín eigin drykkjarföng.

Gos verður ekki selt á staðnum.

Hljómsveitin Bandmenn leikur fyrir dansi.

Þorablótsnefndin ☺



Reynistaðarbræður - Íslenska í 5. bekk

Sagan af Reynistaðarbræðrum hefur verið þjóðinni umhugsunarefni í tæp 240 ár. Sögunnar er getið í námsefni 5.

bekkjar og við ákváðum að fræðast betur um atburðinn. Í u.þ.b. þrjár vikur í haust fór íslenskukennslan fram í gegnum þessa sögu. Hér verða reifuð nokkur atriði sem nemendum fannst nauðsynlegt að kæmu fram í fréttinni.

Sagan fjallar um ferð Skagfirðinga suður á land til fjárkaupa en vegna fjárkláða drapst meirihluti fjár á svæðinu og bændur ákváðu að koma sér upp nýjum fjárstofni.

Á miðjum slætti árið 1780 hófu Jón Austmann og Bjarni, elsti sonurinn á Reynistað, ferð sína til fjárkaupa suður á land. Undir sláttarlok sendu Reynistaðarhjón tvo menn til að aðstoðar Bjarna og Jóni. Annar var Sigurður á Daufá en hinn Einar, 11 ára sonur hjónanna. Einar vildi ekki fara og sagðist finna á sér að hann kæmi aldrei heim aftur og því gaf hann leikfélögum sínum öll leikföngin sín.

Erfiðara reyndist að fá fé en búist var við í Árnes- og Rangárþingi. Því fóru félagarnir austur í Skaftafellssýslu. Þar tókst þeim að fá nær 200 kindur. Féð var síðan rekið úr Skaftártungu að fjallabaki, yfir Þjórsá á Gaukshöfðavaði í Hreppa og til eru heimildir um að leiðangursmenn hafi gist á Stóra-Núpi. Vegna vætutíðar seinkaði förinni norður og þurftu norðanmenn að bíða á bæjum í Ytri-Hrepp um tíma og var féð í Hruna. Þar gistu bræðurnir, Bjarni og Einar sem var verulega kvíðinn.

Bændur buðu þeim vetursetu og töldu óráð að leggja á öræfin þegar vetur var að skella á en norðanmenn vildu drífa sig heim, nema Einar litli.

Mánudaginn 6. nóvember 1780 lögðu Reynistaðarmenn og félagar upp úr byggð norður Kjöl með fjárreksturinn. Hreppamenn fylgdu þeim áleiðis og sáu að stórhrið væri í aðsigi. Ekki fengust Skagfirðingar til að snúa við en fátt er vitað um ferð þeirra félaga eftir að sunnanmenn sneru við. Allir urðu þeir úti á Kili. Bein manna og skepna fundust næsta sumar, þó ekki bein bræðranna, þau fundust 66 árum síðar og voru þá jörðuð í Reynistaðarkirkjugarði.

Nemendur hlustuðu á söguna af kasettuspólum en slíka tækni þekkja nútíma börn ekki og krakkarnir urðu undrandi þegar ég sneri spólunni við í tækinu, skyldu ekki hvað ég var að gera. Þætti þessa tók ég upp úr Ríkisútvarpinu fyrir mörgum árum og flytjendur eru okkar þekktustu leikarar.

Sagan er sögð, mörg samtöl leikin og eru afar áhrifamikil, ekki síst samtal Einars og móður hans þegar hún segir honum frá ferðalaginu sem hann vill alls ekki fara í, en hún réði.

Það var virkilega gaman að fylgjast með nemendum í þessari vinnu, margt þurfti að ræða, orðasafn varð til, leiðin merkt á korti, margs konar myndir teiknaðar, lesnar vísur og ljóð, rætt um örnefni, samin ljóð o.fl. Loks var gert plakat sem sýnir fyrrnefnd verkefni og hangir það uppi í skólanum.

5. bekkingar tóku fram að þeir vildu hafa eftirfarandi vísur með fréttinni en Björgu, systur bræðranna, dreymdi að Bjarni, bróðir hennar, kæmi til sín og kvæði þær:

Enginn finna okkur má
undir fannahjarni.

Dagana þrjá yfir dauðum ná
dapur sat hann Bjarni.

Í klettaskoru krepptir liggjum bræður
en í tjaldi áður þar
allir hvíldum félagar.

Einnig er sagt að bræðurnir
hafi birst Björgu í draumi og
varað við þrennu:
að afkomendur hennar mættu
engan dreng skíra nafninu
Bjarni, hvorki ríða bleikum
hesti né klæðast grænu. Þessi
bannhelgi gildir þó aðeins um
drengi og hefur trúin lifað í
Reynistaðarætt í öll þessi ár.

Nýárskveðjur úr 5. bekk,
Árdís Jónsdóttir.



Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja
Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!

802



53. sveitarstjórnarfundur haldinn í Árnosi miðvikudaginn 10. janúar kl. 14:00 .
Mættir: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Meike Witt, Gunnar Örn Marteinsson og Halla Sigríður Bjarnadóttir. Auk þess sat fundinn Kristófer A. Tómassonar sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :

1. Markaðsstofa Suðurlands. Kynning. Máli frestað.
2. Erindi frá Bæjarráði Árborgar varðar sameiningarviðræður sveitarfélaga. Lagt var fram erindi frá Bæjarráði Árborgar undirritað af Ástu Stefánsdóttur er það óskað eftir upplýsingum frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi um hvort áhugi sé fyrir umræðum um sameiningu við Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp. Sveitarstjórn telur þann sameiningarmöguleika sem um er rætt koma vel til skoðunar. Hins vegar er það mat sveitarstjórnar að ekki sé heppilegt að efna til slíkra umræðu nú, þar sem stutt er í kosningar. Að svo stöddu hafnar sveitarstjórn að taka þátt í þeim umræðum sem boðað er til.
3. Beiðni um tilnefningar í Ráðgjafarnefnd um Þjósárver. Lagt var fram erindi frá Umhverfisstofnun undirritað af Kristínu Lindu Árnadóttur þar sem óskað er eftir tilnefningu tveggja fulltrúa í ráðgjafarnefnd fyrir friðlandið Þjósárver. Oddviti lagði fram tillögu um Sigþrúði Jónsdóttir og Einar Bjarnason sem fulltrúa í ráðgjafarnefndina. Gunnar Örn lagði fram tillögu að Lilju Loftsdóttur. Samþykkt með þremur atkvæðum að skipa Sigþrúði. Samþykkt með fjórum atkvæðum að tilnefna Einar. Gunnar Örn sat hjá.
4. Brú lífeyrissjóður. Samkomulag um lífeyrisuppgjör. Lögð voru fram drög að samkomulagi um uppgjör milli Lífeyrissjóðsins Brúar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Uppgjörið kemur til vegna breytingar á lögum um breytingu á lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Sú breyting hefur áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs frá 1 júní 2017. Það kallar á framlag sveitarfélagsins til A deildar sjóðsins. Lagt var fram uppgjör launagreiðanda til A deildar Brúar lífeyrissjóðs á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr.1/1997. Samkvæmt uppgjöri ber sveitarfélaginu að greiða í jafnvægissjóð kr 22.677.526 í lífeyrisauka kr 44.905.083 í varasjóð kr. 4.831.023 samtals kr.72.413.632. Gjaldþagi greiðslu er 31.janúar 2018. Afgreiðslu málsins fresta til næsta fundar sveitarstjórnar.
5. Gjaldskrá sormála 2018. Leiðrétting. Mál fellt niður.
6. Fjárhagsmál. Sjóðsstreymisýfirlit og áætlun. Heimild til töku yfirdráttar. Sveitarstjóri fór yfir stöðu fjármála og grófar tölur úr rekstri fyrstu 11 mánuði ársins 2017. Fjárfestingar á árinu 2017 námu um 84 mkr.

Útgjöldum vegna fjárfestinganna hefur verið mætt með veltufé úr rekstri auk yfirdráttar sem nemur, 10.01.2018, 14 mkr. Auk þess lagði sveitarstjóri fram sjóðsstreymisáætlun fyrir janúar- apríl 2018. Í ljósi mikilla útgjalda er þörf á heimild til töku yfirdráttarláns allt að 35 mkr samkvæmt sjóðsstreymisáætlun til 1. maí 2018. Samþykkt samhljóða að veita sveitarstjóra heimild til töku yfirdráttarláns allt að fjárhæð 35 mkr til 1. maí 2018.

7. Reglur um úthlutanir lóða í sveitarfélaginu. Oddviti lagði fram drög að reglum um úthlutanir lóða.
 1. Umsóknir skulu vera skriflegar. Þar skal koma fram nafn og heimili umsækjanda og um hvaða lóð er sótt.
 2. Að jafnaði er það svo að fyrstur kemur fyrstur fær og ræður sá tími er umsókn er komin í hendur sveitarstjóra.
 3. Umsækjendur skulu vera fjárráða og ekki vera í fjárhagslegum vanskilum við sveitarfélagið.
 4. Við úthlutun lóða, skulu umsækjendur tilgreina með glöggum hætti byggingaráform sín og framkvæmdahraða.
 5. Við úthlutun lóða skal frestur lóðarhafa til að hefja framkvæmdir á lóðinni vera 8 mánuðir frá því að lóð er tilbúin fyrir byggingarframkvæmdir. Lóð telst tilbúin fyrir byggingarframkvæmdir þegar götur eru tilbúnar og stofnkerfi lagna við viðkomandi lóð er klárt. Framkvæmd telst vera hafin við fyrstu áfangaúttekt. Framlenging á frestinum kemur því aðeins til greina að lóðarhafi sækir um slíkt skriflega áður en fresturinn rennur út og geti fært fram rök fyrir slíkri beiðni hámarks viðbótarfrestur er 4 mánuðir. Lóðaúthlutun fellur úr gildi ef frestur rennur út án þess að lóðarhafi hefji byggingar-framkvæmdir eða setji fram rökstudda beiðni um lengri frest.
 6. Stöðvist byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur getur Skeiða- og Gnúpverjahreppur felld byggingarleyfið úr gildi að undangenginni aðvörun. Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár eða lengur getur Skeiða- og Gnúpverjahreppur felld úr gildi lóðaleigusamning og farið fram á eignarnám á ófullgerðum mannvirkjum til greiðslu kostnaðar.
 7. Áður úthlutaðar lóðir taka frest miðað við gildistöku þessarar samþykktar. Framlagðar ofangreindar reglur um lóðaúthlutanir samþykktar samhljóða.
8. Rammasamningar Ríkiskaupa - samningur um aðild. Ríkiskaup hafa endurskoðað gjald fyrir aðild að Rammasamningunum. Hefur það verið lækkað í tilfelli SKOGN úr 620.000 í 248.000 kr. Aðild samþykkt samhljóða.
9. Rauðikambur – erindi. Lagt fram erindi frá Rauðakambi undirritað af Magnúsi Orra Schram. Í erindinu er óskað eftir samstarfi við Skeiða- og

Gnúpverjahrepp um stefnumótun og í framhaldi gerð aðgerðaráætlunar um hvernig náttúra Þjorsárdals og heimamenn geti með sem bestum hætti tekið á móti auknum fjölda ferðamanna svo vel megi fara. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.

10. Fossá – veiðiréttur. Lagt fram erindi frá Laugardalsá ehf. Fulltrúar Laugardalsár óska eftir framlengingu samnings til eins árs gegn hækkuð greiðslu í 1.8 mkr pr ár. Erindi samþykkt samhljóða.
11. Nónsteinn-hús og lóð. Umfjöllun um ráðstöfun. Samþykkt samhljóða að auglýsa hús og lóð til nýtingar. Sveitarstjóra falið að annast auglýsingu.
12. Landgræðslan. Erindi er varðar endurheimt votlendis-Umsögn Sambands. Erindi lagt fram og kynnt.
13. Umsókn um lóð á Löngudælaholti. Lögð fram umsókn frá Landshúsum ehf um lóð nr 20 við Löngudælaholt. Samþykkt samhljóða að úthluta Landshúsum lóðinni.
14. Viðbragðsáætlun Almannavarna. Lögð fram viðbragðsáætlun fyrir sveitarfélagið um samfélagsleg áföll sem unnin var undir umsjón Víðis Reynissonar lögreglufulltrúa. Viðbragðsáætlun samþykkt samhljóða.

Skipulagsmál

15. Umsögn Skipulagsstofnunar um br. Deilisk Holtabrautar 1-7. Lagt fram og kynnt. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti.
16. Umsögn Skipulagsstofnunar um br. Deilisk við Árnes. Skipulag samþykkt með fyrirvara um að mörk lóðar við Bugðugerði 5 verði skoðuð sérstaklega. Skipulagráðgjafa falið að taka tilheyrandi gögn til skoðunar.
17. Staðfesting Skipulagsstofnunar um landbreytingu við Árnes. Staðfesting lögð fram og kynnt.
18. Umsögn Skipulagsstofnunar um Deilisk. Réttarholt A við Árnes. Umsögn lögð fram og kynnt.
19. Aðalskipulag Rangárbings ytra. Beiðni um umsögn. Gögn vegna aðalskipulags Rangárbings ytra lögð fram af Birgi Haraldssyni um aðalskipulagið og óskað eftir umsögn sveitarstjórnar.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við aðalskipulagið.
20. Ásólfssstaðir erindi- skipulagsmál. Lagt fram erindi frá Jóhannesi Sigurðssyni. Verið er að skipta jörðinni Ásólfssstaðir 1 nr:166538 upp. Jóhannes er að kaupa landskíka úr Ásólfssstöðum 1 um 20 hektara, hann óskar eftir að skikinn verði sameinaður landi nr:166536. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við erindið.

21. Vegagerðin. Beiðni um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku við Ísakot. Lögð fram beiðni frá Vegagerðinni um efnistöku undirrituð af Svani Bjarnasyni. Beiðni samþykkt samhljóða.
22. Vegagerðin. Beiðni um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku við Skáldabúðir. Lögð fram frá Vegagerðinni um efnistöku undirrituð af Svani Bjarnasyni. Beiðni samþykkt samhljóða.

Fundargerðir

23. Fundur Skipulagsnefndar nr 146. 07.12.2017. Mál 12,13 og 14 þarfnast afrgr.

Mál 12. Sandlækur 1 lóð 5 lnr 166643: Rauðhólatún: Stofnun lóðar - 1712007. Lögð fram umsókn Sesselju Loftsdóttur og Gunnhildar Loftsdóttur dags. 9. nóvember 2017 um skiptingu landsins Sandlækur 1 land 5 lnr. 166643 í tvo hluta. Gert er ráð fyrir að stofnuð verði nú 8,78 ha spilda með heitið Rauðhólatún og að landið sem eftir verður (5,12 ha) fái nafnið Grandi.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við skiptingu lóðarinnar og ekki er gerð athugasemd við ný nöfn. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir skiptingu lóðarinnar og ný nöfn.

Mál 13. Skeiðháholt 1 lnr 166494: Skeiðháholt 1A Stofnun lóðar - 1712005 Lögð fram umsókn Eflu Verkfræðistofu, dags. 1. desember 2017, f.h. eigenda Skeiðháholts 1 lnr. 166494 um stofnun nýrrar 10.965 fm íbúðarhúsalóðar. Ekki er gerð athugasemd við stofnun íbúðarhúsalóðar með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi lands á hnitsetningu lóðarmarka og grenndarkynningu á því að á lóðinni verði byggt íbúðarhús. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir fyrir sitt leyti stofnun íbúðarhúsalóðarinnar með ofangreindum fyrirvörum.

Mál 14. Álftröð lnr 222125 (Engjateigur): Álfholt: Breytt heiti lóða - 1711059

Lögð fram umsókn B. Guðjónsdóttir ehf. um stofnun fimm lóða úr landinu Álftröð lnr. 222125. Eru lóðirnar í samræmi við gildandi deiliskipulagi en óskað er eftir að þær fái annað nafn en kemur fram á skipulaginu. Er óskað eftir að lóðirnar fái heitið Álfholt 1,2,3,4,5 en ekki Engjateigur 2,4,6,8,10. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að lóðirnar fái heitið Álfholt.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir nýtt nafn lóðarinnar.

Mál 15. Reykholt í Þjórsárdal: Verslunar- og þjónustusvæði:

Aðalskipulagsbreyting - 1709046 Lögð fram að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna afmörkunar á verslunar- og þjónustusvæði fyrir baðlón og hótél við Reykholtslaug í Þjórsárdal. Lagðar eru fram umsagnir Umhverfisstofnunar, Skipulagsstofnunar, Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem bárust við lýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar sem kynnt var skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með auglýsingu sem birtist 5. október 2017.

Skipulagsnefnd samþykkir að kynna breytinguna skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með fyrirvara um minniháttar lagfæringar í samráði við skipulagsfulltrúa. Gert er ráð fyrir að drög að deiliskipulagi svæðisins verði kynnt samhliða. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir fyrir sitt leyti að breytingin verði kynnt með ofangreindum hætti.

Mál 16. Reykholt í Þjórsárdal: Svæði umhverfis Þjórsárdalslaug:

Deiliskipulag - 1712021 Lögð fram umsókn Rauðakambs ehf. dags. 12. desember 2017 þar sem óskað er eftir að drög að deiliskipulag fyrir svæði við gömlu laugina við Reykholt í Þjórsárdal verði tekið fyrir. Meðfylgjandi er deiliskipulagið sem sett er fram á uppdrætti og sér greinargerð auk mynda sem sýna hugmynd að svæðinu í þrívídd. Lögð fram umsókn Rauðakambs ehf. dags. 12. desember 2017 þar sem óskað er eftir að drög að deiliskipulag fyrir svæði við gömlu laugina við Reykholt í Þjórsárdal verði tekið fyrir. Meðfylgjandi er deiliskipulagið sem sett er fram á uppdrætti og sér greinargerð auk mynda sem sýna hugmynd að svæðinu í þrívídd. Skipulagsnefnd samþykkir að drög að deiliskipulagi verði kynnt samhliða kynningu á breytingu á aðalskipulagi svæðisins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar.

Mál 17. Áshildarvegur borhola lnr 225906: Hitaveita Áshildarmýrar: Framkvæmdaleyfi - 1712029

Lögð fram umsókn Hitaveitu Áshildarmýrar dags. 18. desember 2017 um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu hitaveitu frá borholu í Áshildarmýri meðfram þjóðvegi nr. 30, síðan þjóðvegi nr. 1 að Bitru og Hnaus. Verður hitaveita lögð í sumarhúshverfi sem liggja þar nálægt og endað í hóteli í landi Hnauss. Meðfylgjandi er yfirlitskort sem sýnir fyrirhugaða lagnaleið.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að gefið verði framkvæmdaleyfi verði út framkvæmdaleyfi fyrir lagningu hitaveitu í samræmi við umsókn, með fyrirvara um samþykki þeirra landeigenda sem eiga land sem lögnin fer um auk samþykkis Vegagerðarinnar. Þá þarf einnig að skila inn öllum gögnum varðandi legu og gerð lagnar til tæknisviðs. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við umsókn með fyrirvara um samþykki eigenda

aðliggjandi lands auk samþykkis Vegagerðarinnar. Skilyrði er að gögn er varða legu og gerð lagna verði skilað til Umhverfis- og tæknisviðs.

Mál 18. Ásólfssstaðir 1 lnr 166538 og Ásólfssstaðir 1 lnr 166536: Staðfest afmörkun og sameining lóða - 1712031 Lögð fram umsókn Jóhannesar Hlyns Sigurðssonar og Sigurðar Páls Ásólfsssonar dags. 10. desember 2017 um stofnun 19,1 ha lands úr jörðinni Ásólfssstaðir 1 (lnr. 166538) og sameina við landið Ásólfssstaðir 1 (lnr. 166536) sem er skráð sem íbúðarhúsalóð.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Ákvörðun um sameiningu lóðanna er frestað þar sem ekki er hægt að sameina lóðina við lóðina Ásólfssstaðir 1 lnr. 166536 þar sem hún er skráð sem íbúðarhúsalóð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar.

Mál 19. Ásólfssstaðir 1 lnr 166538: Akurhólar 1-4: Stofnun fjögurra lóða - 1712032. Lögð fram umsókn Sigurðar Páls Ásólfsssonar dags. 10. desember 2017 um stofnun fjögurra lóðar úr landi Ásólfssstaða 1, sem samtals eru 2 ha að stærð. Afgreiðslu frestað og skipulagsfulltrúa falið að leita nánari upplýsinga hjá umsækjenda um fyrirhugaða notkun lóðanna og afmörkun, sérstaklega hnitsetningu á mörkum við Skriðufell. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.

25.Fundur Skiplagsnefndar nr 143.27.10.17. Mál 22 þarfnast afgreiðslu.

Mál 22. Vorsabær 1 lóð: Tilkynningarskyld framkvæmd: Gestahús - 1710026 Lögð fram umsókn Unnar Lísu Schram dags. 13. október 2017 um leyfi til að byggja 18,6 fm gestahús á lóðinni Vorsabær 1 lóð. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við umsóknina og mælir með að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að vísa málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

26.Fundur oddvita vegna Seyrustaða 23.11.2017. Lögð fram fundargerð oddvita Uppsveita vegna fundar um resktur Seyrustaða. Á fundinum var samþykkt að leggja til við aðildarsveitarfélögin að kaupa bifreið og búnað til seyrulosunar og nemur fjárfestingin um 49 millj á árinu 2018. Skipting kostaðar verði í sömu hlutföllum og almennt um fjárfestingu á Seyrustöðum og hvert sveitarfélag mun fjármagna sinn hlut. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu og er oddvita falið að skrifa undir samstarfssamning sveitarfélaganna.

27.Fundargerð stjórnarfundar Bergrisans nr. 28. 19.09.2017. Fundargerð lögð fram og kynnt.

28.Fundargerð stjórnarfundar Bergrisans nr. 29. 19.10.2017. Fundargerð lögð fram og kynnt.

29.Fundargerð Almannavarnarnefndar Árnessýslu 18.12.2017. Fundargerð lögð fram og kynnt.

30. Fundargerð 12. Fundar Afréttarmálanefndar 23.08.2017. Í fundargerðinni er bent á að standsetning og umsjón fjallaskála á afrétti hefði verið ábótavant. Sveitarstjóra falið að ræða við nefndina um útfærslu á þeim verkþáttum.
31. Fundargerð 25. Fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar. 05.12.2017. fundargerð lögð fram og kynnt.
- Samningar og umsagnir**
32. Hjálparfoss samningur við Skógræktina um lóð. Lögð fram drög að samning um afnotarétt af Þjóðlendu við Hjálparfoss í Þjóðlendunni „Landgræðslusvæði í Þjórsárdal“ verður það notað undir fyrirhugaða salernisaðstöðu í eigu Skógræktarinnar. Samningur samþykktur og sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.
33. Samningur við Rauðakamb ehf um Hólaskóg. Máli frestað.
34. Samningur um snjómokstur. Þarfnast staðfestingar. Samningar við Strá ehf og Georg Kjartansson. Samningar staðfestir. Halla Sigríður sat hjá.
35. Leyfi til gistingar Vorsabær- beiðni um umsögn. Lögð fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til gistingar. Undirrituð af Agli Benediktssyni. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.
36. Leyfi til gistingar – Áshildarmýrarvegur 35- beiðni um umsögn. Lögð fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til gistingar. Undirrituð af Agli Benediktssyni. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til byggingafulltrúa.
37. Í skugga valdsins. Greinargerð Sambandsins. Lögð fram bókun frá stjórnarfundum Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi kynferðislega áreitni og ofbeldi. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með umfjöllun stjórnar Sambandsins um málið.
38. Kæra eigenda hjólhýsa í Þjórsárdal. Úrskurður Kærunefndar húsamála undirritaður af nefndinni. Sveitarstjórn og Skógræktin eru sýknuð af kröfum eigenda hjólhýsa.

Styrkir

39. Íþróttasamband fatlaðra – beiðni um styrk. Lög fram beiðni styrk til starfs sambandsins. Sambandið gefur út blaðið Hvata. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Íþróttasambands fatlaðra til góðra verka og veita styrk til þess með kaupum á auglýsingu 1/4 úr síðu fyrir 37.000 kr.
40. Snorraverkefnið- beiðni um styrk. Lögð fram beiðni um styrk til Snorraverkefnis, beiðni hafnað.
41. Önnur mál
- I. Halla Sigríður vakti máls á hvort tilefni væri til að kanna þörf fyrir akstur eldri borgara. Samþykkt samhljóða að fela Velferðar- og jafnréttisnefnd að taka málið til skoðunar.

Mál til kynningar

- A. Fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- B. Afgreiðslur byggingafulltrúa 17-68.
- C. Afgreiðslur byggingafulltrúa 17-69.
- D. Rannsóknarleyfi vegna Stóru- Laxár.
- E. Félagsfundur Sorpstöðvar des 2017.
- F. Fundur Fagráðs TÁ nr. 186.
- G. Fundur stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga.
- H. Fundur stjórnar SASS nr. 527.
- I. Fundur Heilbrigðisnefndar nr. 183.
- J. Eftirspurn eftir lóðum í Árneshverfi.
- K. Umhverfisstofnun. Beiðni um upplýsingagjöf vegna svæðisáætlunar.
- L. Frumvarp til br á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þingskjal 11.
- M. Frumvarp til br á lögum um fatlað fólk. Þingskjal 26.
- N. Frumvarp til br á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- O. Frumvarp til br á lögum um kosningar til sveitarstjórna.
- P. Ársskýrsla Þjónusturáðs.
- Q. TÁ Kostnaðarskipting sveitarfélaga.
- R. Byggið. Jarðarmörk Stóra-Hofs.
- S. Skýrsla sveitarstjóra.

Fundi slitið kl 16:30. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 24. janúar næstkomandi. kl. 14.00.

Sorphirða - breytt gjaldskrá.

Breytingar verða á gjaldskrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna sorphirðu í ársbyrjun 2018. Ástæður þessara breytinga eru nokkrar.

Í fyrsta lagi er heildarkostnaðurinn of hár. Í öðru lagi of hátt hlutfall kostnaðar lendir á öllum íbúum sameiginlega þ. e. hreppnum. Í þriðja lagi þá tók gjaldskráin ekki mið af magni sorps frá hverjum og einum og lítill hvati var til að flokka vel.

Sorphirða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi kostar tæpar þrjátíu milljónir. Miðað við gömlu gjaldskrána borguðu notendur tólf milljónir en hreppurinn rúmar sautján milljónir. Með nýju gjaldsskránni ætti kostnaður hreppsins að fara niður í tólf jafnvel tíu milljónir.

Þrátt fyrir það geta einstaklingar lækkað hjá sér sorpreikninginn.

Eftir því sem menn flokka betur verður minna og minna sem fer í gráu tunnuna, almenna sorpið. Þeir þeim sem standa sig best eru með sáralítið almennt sorp.

Eftir gjaldskrárbreytingu geta þeir sem þess óska hætt við tunnu fyrir almennt sorp og farið með það sjálfir á gámasvæðin. Með því verður sorplosunargjald felld niður og eingöngu greitt sorpeyðingargjald 16.000 kr.

Greiða þarf fyrir gjaldskýlt sorp á gámasvæðunum en þeir sem greiða sorpeyðingagjald fá kort sem dekkar 6 rúmmetra sorps. Dýragámarnir verða utan gámasvæðana og verður lagt sérstakt gjald á þá sem halda húsdýr. Fer það gjald eftir stærð búa.

Nánari upplýsingar munu verða á heimasíðu Skeiða – og Gnúpverjahrepps.

Skafti Bjarnason, Oddviti.



Menn og málefni!



Kristinn Högnason frá Laxárdal og Ásrún Magnúsdóttir frá Selfossi eignuðust sitt fyrsta barn sem er drengur þann 13. desember 2017 og vó hann 3740gr og 53cm. Fjölskyldan býr í Reykjavík og óskum við þeim innilega til hamingju með drenginn sinn.

Stefanía Katrín Einarisdóttir, Hæli 2 útskrifaðist með Diploma sem förðunarfræðingur úr Reykjavík makeup school þann 18. des. s.l. Þá útskrifaðist hún einnig sem stúdent af félagsfræðabraut frá Fjölbautarskóla Suðurlands, Selfossi þann 21. desember s.l. Við færum henni innilegar hamingjuóskir með þessa áfanga í náminu.



UPPSVEITADEILDIN 2018 verður haldin með hefðbundnu sniði líkt og undanfarin ár. Hestamannafélagið Smári hefur rétt á að senda 4 lið til leiks, hvert lið má hafa 3-5 keppendur. Þrír knapar keppa fyrir hönd síns liðs hverju sinni. Að loknum skráningafresti koma þeir knapar ásamt stjórn Smára og setja saman liðin.



Skráningafrestur er til 20. janúar, þeir sem hafa áhuga að taka þátt í deildinni í vetur eru hvattir að senda sem fyrst inn nafn, kennitölu og símanúmer á **smari@smari.is** Við minnum á að í boði eru 20 sæti svo endilega skráið ykkur sem fyrst. Reglur Uppsveitadeildarinnar er að finna inn á heimasíðunni **smari.is** og **reidhollin.is**

Uppsveitadeildin hefur skapað sér gott orðspor og er vinsæll viðburður bæði hjá heimamönnum og öðrum hestamönnum. Alltaf er góð stemmning í höllinni og ætlum við að sjálfsögðu ekki að breyta því í vetur.

Við hvetjum alla félagsmenn bæði atvinnumenn og áhugamenn að skrá sig og við verðum með flotta og sterka deild í vetur. ☺

Kveðja, stjórnin.

Uppsveitadeildin 2018

16. febrúar - fjórgangur.
23. mars - fimmgangur.
13. apríl - tölt, fljúgandi skeið.



HRUNAPRESTAKALL

Helgihaldið vetur, vor og sumar 2018

21. jan.: *Fjölskylduguðsþjónusta* Ólafsvallakirkju kl. 11 og *dægurlagamessa* í Hrunakirkju kl. 20:30.

11. feb.: *Guðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og *messu* í Hrepphólakirkju kl. 14.

18. feb.: *Messa unga fólksins* í Hrunakirkju kl. 11.

11. mars: *Guðsþjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 11.

18. mars: *Fjölskylduguðsþjónusta* í Hrunakirkju kl. 11 og *messu* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

29. mars – skírdagur: *Ferming* í Ólafsvallakirkju kl. 11.

30. mars – föstudagurinn langi: *Passíusálmalestur* í Hrepphólakirkju frá kl. 13.

1. apríl – páskadagur: *Hátíðarmessa* í Hrunakirkju kl. 8, *hátíðarmessa* í Hrepphólakirkju kl. 11 og *hátíðarmessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

19. apríl – sumardagurinn fyrsti: *Fjölskylduguðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11.

Lok barnastarfs. *Ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 13:30.

22. apríl: *Messa* í Stóra-Núpskirkju kl. 11.

29. apríl: *Messa* í Hrepphólakirkju kl. 14. Tvennir tímar syngja.

10. maí – uppstigningardagur: *Messa* í Skálholtskirkju kl. 14 á degi eldri borgara.

20. maí – hvítasunnudagur: *Ferming* í Hrepphólakirkju kl. 11 og *ferming* í Hrunakirkju kl. 13:30.

3. júní: *Guðsþjónusta* í Hrunakirkju kl. 20:30.

10. júní: *Guðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 11.

17. júní: *Helgistundir* í tengslum við hátíðahöld í sveitarfélögunum tveimur.

12. ágúst: *Síðsumarmessa* í Tungufellskirkju kl. 14.

19. ágúst: *Hestamannamessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

1. sept.- laugardagur: *Uppskerumessa* í Hrunakirkju kl. 11 – fjölskylduhátíð.

GEYMIÐ DAGSKRÁNA – SJÁUMST Í KIRKJUNNI!

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

**GISTIÞÚSIÐ ÁLFTRÖÐ Á SKEIÐUM VANTAR
MANNESKJU TIL AÐ SJÁ UM MORGUNMAT FRAM Í
APRÍL. MÖGULEIKI ER Á ÁFRAMHALDANDI
VINNU. VINNUTÍMI ER FRÁ KL. 7 - 11.
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 895 6247.**

Í desember útskrifaðist ég með Diploma
sem förðunarfræðingur úr Reykjavík makeup school
og er að taka að mér farðanir fyrir þorablotið.

Endilega hafið samband við mig í síma **893-8225**

eða á **facebook.com/stefaniakatrín.**

Kveðja. Stefanía Katrín Einarsdóttir.

Leikfimi fyrir konur verður í Brautarholti í vetur.

Nýtt 6 vikna námskeið byrjar 2. janúar og verður tvisvar í viku;
á þriðjudögum og á fimmtudögum frá kl. 19 -20. Fjölbreyttir
og skemmtilegir tímar. Námskeiðið kostar 9.000 kr með
húsaleigu – einnig er hægt að taka hálft námskeið og kostar
það þá 4.500 kr. Þjálfari er Elin Moqvist.

Allar velkomnar.

**YOGA hefst í Árnesi miðvikudaginn
24. janúar kl. 20:00.**

Kveðja. Rosemarie

Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður. Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810—783-1224

Kv. Dóri



Tekjuviðmið 2018 til afsláttar á fasteignagjöldum.

Tekjur einstaklinga

Frá 0,00	kr	til 2,439,120 kr	=	100% afsláttur
Frá 2,439,121	kr	til 2,792,007 kr	=	80% „
Frá 2,792,008	kr	til 2,956,246 kr	=	60% „
Frá 2,956,247	kr	til 3,130,14 kr	=	40% „
Frá 3,130,142	kr	til 3,314,267 kr	=	20% „
Frá 3,314,268	kr	og hærri	=	enginn afsláttur

Tekjur hjóna

Frá 0,00	kr	til 3,715,363 kr	=	100% afsláttur
Frá 3,715,364	kr	til 4,049,966 kr.	=	80% „
Frá 4,049,967	kr	til 4,382,742	=	60% „
Frá 4,382,743	kr	til 4,717,347	=	40% „
Frá 4,717,348	kr	til 4,948,363	=	20% „
Frá 4,948,364	kr	og hærri	=	enginn afsláttur

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!
Vinn á miðvikudögum eða eftir samkomulagi.
Tímamantanir í síma: 863-0433



Allir velkomnir
Sólveig Jóhannsdóttir
Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Á bak við eldavélina!

Viðar Gunngeirsson, Ásum fær orðið þennan mánuð.

Komdu sæll Oddur minn.

Ekki er ég hissa á að þér skyldi detta hann Viðar í Ásum í hug þegar þú varst að mausast með uppskrift að hafragraut þar sem þú veist hvern hug ég ber til þess ómetis.

En ég er eins og fleiri karlar hér í sveit (og víðar) að ég stend ekki mikið við eldavélina þótt ég þykist hafa verið sæmilega liðtækur í eldamennsku fyrir 40 árum eða svo. Hvergi hef ég fengið betri fiskibollur en hjá henni mömmu minni og svo konunni og dótturinni þar sem uppskriftin gengur mann fram af manni og skal hún nú afhjúpuð hér.



Fiskibollurnar hennar mömmu (fyrir sex)

2 flök af nýjum fiski sem ekki hefur frosið, best að hafa þorsk- hakkað.

1 stór laukur – hakkaður

3 bollar hveiti

½ bolli kartöflumjöl

¼ bolli sykur

2 tesk lyftiduft

2 egg

4 tsk. kjötkraftur (eða 2 teningar, leystir upp í smá heitu vatni)

1 ½ tsk. salt

4 tsk. aromat

½ tsk karrý

Smá mjólk til að þynna ef þetta er of þykkt.

Allt sett í skál og hrært saman. Steikist í smjörlíki, -

ekki olíu og berist fram með laukfeiti og nýjum katrtöflum!

Ég ætla síðan að skora á hana Álfheiði dóttur mína að koma með uppskrift í næsta fréttabréf en hún er mikill listakokkur og er þetta yndislega mömmubragð af matnum hjá henni.

Kveðjur frá Ásum.

Viðar.





Sími 899-2910
Janúar 2018

www.pizzavagninn.is



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
4. jan	5. jan Flúðir 18-21	6. jan Borg 18:00-20:30
11. jan Laugarvatn 18:00-20:30	12. jan Brautarholt 18:00-20:30	13. jan Reykholt 18-21
18. jan Lokað þessa viku Erum í endurbótum	19. jan Þorablót lokað í dag	20. jan Lokað þessa viku Erum í endurbótum
25. jan Laugarvatn 18:00-20:30	26. jan Árnes 18:00-20:30	27. jan Reykholt 18-21



Sími 899-2910
Febrúar 2018

www.pizzavagninn.is



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
1. feb Laugarvatn 18:00-20:30	2. feb Flúðir 18-21	3. feb Borg 18:00-20:30
8. feb	9. feb Brautarholt 18:00-20:30	10. feb Reykholt 18-21
15. feb Laugarvatn 18:00-20:30	16. feb Flúðir 18-21	17. feb Lokað í dag
22. feb	23. feb Vetrarfrí	24. feb Vetrarfrí

Hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu 2017- 2019

Árið 2017 verða rotþrær hreinsaðar frá Skarðsbæjum og endað á Austurhlíð, Steinsholtsbæjum og Skaftholti.- 2018 eru það allar þrær á Skeiðum, Sandlækjarbæir og endað á Gunnbjarnarholti. 2019 hefst hreinsun við Ásaskóla, Ása, Stóra-Núp og Minna- Núp og endar á Sultartangavirkjun.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Einföld rúllugreip Frábært verð



Kr. 79.251 m/vsk

Rúllugreip sem tekur tvær rúllur
Með glussatjökkum til að færa armana inn og út



Hliðgrindur

Margar stærðir - frábært verð



Tilboðsverð kr. 275.000 m/vsk

Rúllugjafahringir

Fyrir
sauðfé,



Verð kr. 28.715

SUEVIA

Brynningarskálar - Vatnskör



Hringgerði

10 stk. Grindur 3,0 x 1,52 m
1 stk. Hlið fyrir hringgerði 1,58 m
11 stk. Tengipinnar

Þetta hringgerði er 10 metrar í þvermál
Hægt er að stækka og minnka eftir þörfum

Verð kr. 311.364 m/vsk



LANDSTÓLPÍ

Egilsstöðum - 471 1901



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!

Neslaug S: 486-6117

Skeiðalaug S: 486 5500

Neslaug

Open - Winter:

Miðvikud.- Wed. 17:00 - 22:00

Laugard. Saturd. 13:00 - 18:00

Vörur tengdar sundi seldar
í afgreiðslum lauganna.

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Skeiðalaug

Open - Winter:

Mánudaga Mon. 18:00-22:00

Fimmtudaga Thu. 18:00-22:00

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar

Eypór Brynjólfsson s: 897-1112

Umsjónarmaður sundlauga

eythorb@gmail.com

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

Opið alla fimmtudaga 20:00 -22:00

S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>

